

**Ed.**

**421. Nefndarálit**

**[101. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 115 19. nóv. 1936, um þingskóp Alþingis.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta er ágæt mynd af afstöðu „lýðræðisflokka“, sem svo nefna sig í grg. frv., til lýðræðisins. Þeir krefjast lýðræðis fyrir sig, þegar þeim hentar og er hagur að, en eru reiðubúnir til að afnema lýðræðisreglur, jafnskjótt og framkvæmd þeirra er þeim að einhverju leyti í óhag.

Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðuflokkurinn krefjast hlutfallskosninga til Alþingis, til þess að styrkur þeirra og áhrif á Alþingi sé í réttu hlutfalli við styrk þeirra og áhrif meðal kjósenda. Framsóknarflokkurinn heimtar fleiri þingmenn og meiri áhrif á Alþingi en í hlutfalli við kjósendatölu sína.

Full áhrif á Alþingi hafa flokkar ekki, nema þeir eigi fulltrúa í nefndum þingsins, þar eru málin athuguð og afstaða til þeirra mörkuð og áriðandi fyrir flokka að geta komið þar að athugasemdum sínum og tillögum. Flokkur, sem engan mann ætti í neinum nefndum þingsins, hefði lítil áhrif á afgreiðslu mála. Þess vegna hefur lýðræðisreglan um hlutfallskosningar til nefnda Alþingis verið talin sjálfsögð fram að þessu. Meira eða segja hefur t. d. þótt rétt að lofa Alþýðuflokknum að eiga mann í 5 manna nefndum efri deildar, þótt flokkurinn sé nú orðinn svo lítill, að hann eigi ekki rétt á því samkv. lýðræðisreglu hlutfallskosninga. Væri fækkað nm. í öllum nefndum Sp. og deilda í 3, fengi Alþýðufl. engan mann í neina nefnd, Sósíalistafl. ekki heldur. Væri farin sú leið að láta nefndir þingsins, 5, 7 og 9 manna, kjósa 3 manna undirnefndir, eða réttara sagt yfirnefndir, til þess að annast aðalstörf og hlutverk nefndanna, fengi Alþýðufl. ekki heldur neinn mann í þeim nefndum.

Það er þetta, sem Alþýðuflokkurinn er nú með í að gera um utanríkismálanefnd.

Hann gleymir því, að einmitt með slíkri aðferð hefur lýðræði og þingræði oft verið afnumið, eftir krókaleiðum og í áföngum.

Vinfengi foringja Alþýðuflokksins og þægð við stjórnarflokkana á að vera flokkn- um trygging fyrir því, að þessari aðferð verði ekki beitt gegn honum, hvorki nú um utanríkismálanefndina né síðar. En þeir gæta þess ekki, þingmenn Alþýðuflokksins eða aðrir þm., sem ljá þessu frv. fylgi sitt, að með því er skapað fordæmi, sem vitna má til síðar og vafalaust verður vitnað til, ef meiri hluti á Alþingi, jafnvel naum- asti meiri hluti, vildi svipta minni hlutann lýðræðislega réttmætum áhrifum á Alþingi. Lagaákvæðin um utanríkismálanefnd hafa verið þverbrotin undanfarin 6 ár, hvenær sem ríkisstjórn eða utanríkisráðherra hefur boðið svo við að horfa. Hefur það bitnað á fulltrúum Framsóknarflokksins, meðan þeir voru „utan garðs“ og ótryggt, að þeir fylgdu hverju sem væri í samningum við Bandaríkin. Gagnrýndu þeir þá harðlega aðferðirnar við meðferð utanríkismálanna og lögbrotin í sambandi við hana. Engin trygging er fyrir því, að sömu aðferðun verði ekki beitt við þá 3 manna undirnefnd utanríkismálanefndar, sem stofna á samkv. frv.

Frv. þetta gengur í berhöggið við lýðræðis- og þingræðisreglur, þar sem yfir- lýstur tilgangur þess er að svipta þingflokk lögmætum áhrifum á þingmál og þjóð- mál. Ég tel Alþingi vansa að samþykkja það og legg til, að það verði fellt.

Alþingi, 12. des. 1951.

F. R. Valdimarsson.